



Að lifa með veirunni

Samráðsfundur
stjórnvalda 20. ágúst
2020



Útgefandi:

Heilbrigðisráðuneytið

September 2020

hrn@hrn.is

www.hrn.is

Umbrot og textavinnsla:

Heilbrigðisráðuneytið

©2020 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-477-93-4

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
1. Ávarpsorð Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra.....	7
2. Samantekt.....	9
2.1 Sóttvarnaráðstafanir skýrari og fyrirsjáanlegri.....	9
2.2 Rjúfum einangrun.....	9
2.3 Rafræn stjórnsýsla aukin.....	10
2.4 Alþjóðasamstarf.....	10
2.5 Fjármagn - sárafatækt.....	10
2.6 Nýsköpun til framtíðar.....	11
2.7 Styðjandi samfélag.....	11
3. Samráðsvettvangur.....	12
3.1 Þátttakendur.....	12
3.1.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta.....	12
3.1.2 Menning, íþróttir og dægradvöl.....	12
3.1.3 Menntun.....	12
3.1.4 Atvinnulíf.....	13
3.1.5 Almannaöryggi.....	13
3.1.6 Velferð.....	13
3.2 Dagskrá.....	14
3.3 Örerindi.....	15
3.3.1 Bergur Ebbi.....	15
3.3.2 Guðrún Johnsen hagfræðingur – Hagræn áhrif Covid-19.....	15
3.3.3 Henry Alexander Henrysson heimspekingur – Að lifa heimspekilega með veirunni.....	15
3.3.4 Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektor HÍ – Velferð og menntun barna og ungmenna á tímum Covid-19.....	16

3.3.5	Una Hildardóttir forseti Landsambands ungmennafélaga – Framtíðin og Covid-19.....	17
3.4	Streymi og Slido-appið	17
4.	Niðurstöður og tillögur vinnuhópa	19
4.1	Heilsa og heilbrigðisþjónusta.....	19
4.2	Menning, íþróttir og dægradvöl	19
4.3	Menntun	20
4.4	Atvinnulíf.....	21
4.5	Almannaöryggi.....	23
4.6	Velferð	23

Myndaskrá

Mynd 1. Geturðu nefnt eitthvert eitt sem þú telur skipta mestu máli fyrir samfélagið á tímum kórónaveirunnar?	18
---	----

Útdráttur

Þann 14. ágúst lögðu heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra og forsætisráðherra fram minnisblað fyrir ríkisstjórn þar sem lagt var til að heilbrigðisráðuneytið, í samstarfi við dómsmálaráðuneytið og forsætisráðuneytið, myndi standa fyrir samráðsvettvangi sem hefði það að markmiði að móta áherslur og leiðarljós sem munu nýtast í áframhaldandi vinnu gegn Covid-19 á næstu misserum. Var þetta í samræmi við tillögu sóttvarnalæknis og Víðis Reynissonar yfirlögregluþjóns hjá ríkislögreglustjóra þess efnis. Ljóst er að það er óvissu háð hve lengi Covid-19 verður áhrifavaldur í samfélaginu og að íslenskt samfélag, eins og heimurinn allur, þarf að búa sig undir að lifa með veirunni til lengri tíma. Svo það takist sem best er mikilvægt að stjórnvöld hafi sem gleggsta mynd af áhrifum þeirra sóttvarnaráðstafana á líf almennings sem hingað til hefur verið beitt. Mikilvægt er að vita hvað það er sem er mest íþyngjandi fyrir einstaka hópa og hvernig það birtist, hvernig mismunandi hópar fólks sjá fyrir sér framtíðina í óbreyttu ástandi, hverjar séu helstu áskoranirnar og hvort og hvað sé unnt að gera til að lágmarka röskun á daglegu lífi fólks svo eitthvað sé nefnt. Með það markmið að leiðarljósi var ákveðið að boða til samráðsvettvangsins.

Frá því að ákveðið var að boða til fundarins var ljóst að allt skipulag myndi þurfa að taka mið af gildandi samkomutakmörkunum og tveggja metra reglunni. Til samráðsvettvangsins voru boðaðir fulltrúar frá ýmsum ólíkum sviðum samfélagsins og skipaðir borðstjórar sem leiddu vinnu hvers vinnuhóps. Þátttakendum var skipt í hópa um eftirtalin málefni:

1. Heilsa og heilbrigðisþjónusta
2. Menning, íþróttir og dægradvöl
3. Menntun
4. Atvinnulíf
5. Almannaöryggi
6. Velferð

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur fyrir fundinn til undirbúnings:

1. Hverjar eru helstu áskoranir á viðkomandi sviði til að halda úti starfsemi miðað við þær sóttvarnareglur sem nú gilda?
2. Ef hægt væri að slaka eitthvað á gildandi sóttvarnareglum, hvaða tilslakanir myndu koma að sem mestu gagni?
3. Hvaða áhrif telurðu líklegt að óbreyttar sóttvarnareglur muni hafa á viðkomandi sviði til lengri tíma litið?
4. Hvaða mótvægisáðgerðir gætu komið að sem mestu gagni til að draga úr áhrifum sóttvarnaaðgerða á viðkomandi sviði?
5. Hvaða hópar líða mest fyrir skerta starfsemi á viðkomandi sviði?

6. Geturðu nefnt eitthvert eitt atriði sem þú telur skipta mestu máli fyrir samfélagið á tímum kórónaveirunnar?
7. Annað sem þú vilt taka fram?

Margir þátttakendur skiluðu svörum fyrir fundinn eða þegar fundurinn hófst og eru þau birt í fylgiskjali með skýrslunni án nafngreiningar.

1. Ávarpsorð Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra

Kórónaveirufaraldurinn sem skekur heimsbyggðina hefur undanfarna mánuði sett afgerandi mark sitt á daglegt líf allra landsmanna. Grípa hefur þurft til viðamikilla sóttvarnaaðgerða til að sporna við útbreiðslu veirunnar. Aðgerðirnar hafa hingað til skilað góðum árangri en fórnarkostnaðurinn er mikill þar sem enginn fer varhluta af þeim takmörkunum og skorðum sem óhjákvæmilegt hefur verið að setja og snúa að öllum sviðum samfélagsins.

Við sjáum ekki fyrir endann á þessu ástandi og verðum því að búa okkur undir að lifa í skugga kórónaveirunnar svo lengi sem þetta ástand varir. Til að það megi takast sem best til lengri tíma litið er mikilvægt að stjórnvöld hafi sem gleggsta mynd af áhrifum þeirra sóttvarnaráðstafana á líf almennings sem hingað til hefur verið beitt.

Mikilvægt er að vita hvað það er sem er mest íþyngjandi fyrir einstaka hóp og hvernig það birtist, hvernig fólk sér fyrir sér framtíðina í óbreyttu ástandi, hverjar séu helstu áskoranirnar, hvort og hvað sé unnt að gera til að lágmarka röskun á daglegu lífi fólks og gera það bærilegra svo eitthvað sé nefnt.

Samráðsfundurinn 20. ágúst snerist einmitt um þetta. Þetta ástand reynir á okkur öll en með ýmsum og ólíkum hætti. Við skulum líka hafa hugfast að þetta snýst ekki einungis um sóttvarnir. Við stöndum frammi fyrir áskorunum sem snúa að lýðheilsu þar sem heilsa, félagslegir og efnahagslegir þættir hafa mikil áhrif.

Aðstæður einstaklinga eru ólíkar. Hagsmunir eru sömuleiðis ólíkir eftir hópum og einstökum sviðum samfélagsins. Þær sóttvarnaráðstafanir og aðgerðir sem þurft hefur að grípa til koma heldur ekki eins niður á öllum. Þetta skapar hættu á togstreitu og óeiningu, einmitt þegar mest ríður á að við stöndum öll saman.

Það er mjög mikilvægt í þessu ástandi að gera allt sem hægt er til að sætta ólík sjónarmið. Að gera allt sem hægt er til þess að við sem byggjum þetta samfélag getum áfram búið í sátt og samlyndi. Að gera allt sem hægt er til þess að hver og einn fái sem best notið sín í daglegu lífi en við öruggar aðstæður.

Það er vel skiljanlegt að þeir sem byggja afkomu sína á margvíslegri þjónustustarfsemi, listsköpun eða menningarstarfsemi sem nú er í uppnámi vegna íþyngjandi sóttvarnaráðstafana séu uggandi um sinn hag. Það er líka vel skiljanlegt að ungt fólk sem nú býr við skerta möguleika til náms og tómstunda eigi erfitt. Auðvitað saknar fólk þess líka að geta notið menningar og lista, stundað ferðalög og nýtt sér margvíslega þjónustu sem er liður í daglegu lífi flestra við eðlilegar aðstæður. Þetta er okkur öllum mikil áskorun á einn eða annan hátt.

Við skulum líka tala um það fólk sem er viðkvæmt fyrir, fólk með undirliggjandi sjúkdóma, aldraða, fólk með fötlun – fólk á öllum aldri sem aðstæðna sinna vegna þarf í daglegu lífi á margvíslegri umönnun og aðstoð að halda, ýmist á heimilum sínum eða sjúkrastofnunum. Hér erum við líka að tala um fólk sem ljóst er að er í meiri hættu en aðrir á að veikjast alvarlega smitist það af kórónaveirunni. Veltum því fyrir okkur hvernig daglegt líf fólks í þessum hópum er. Aðstæður þegar þjónusta er skert af óhjákvæmilegum ástæðum eða umgjörð þjónustunnar allt önnur en venjulega. Þegar samneyti við annað fólk er verulega takmarkað af því það er óhjákvæmilegt til að draga úr smithættu. Þetta er fólk sem býr nánast við aðstæður eins og það væri í sóttkví alla daga.

Það er mikil þörf á gagnkvæmum skilningi á mismunandi aðstæðum. Við þurfum á samstöðu að halda. Við þurfum að sýna hvert öðru umhyggju, tillitssemi og þolinmæði. Traust, sjálfsagi og gagnrýnin hugsun er líka mikilvægt nesti á þessu ferðalagi okkar með veirunni þannig að við komumst heil heim að leiðarlokum. Þess vegna boðuðum við til samráðsfundarins 20. ágúst og ég er ánægð með hvernig hann tókst til. Hér má sjá afraksturinn fundarins og ég hvet öll til að kynna sér hann og senda inn athugasemdir á samráðsgáttina.

2. Samantekt

Hér að neðan má sjá samantekt atriða sem allir vinnuhóparnir á fundinum ræddu. Þó að í hópunum hafi verið fulltrúar frá ólíkum sviðum samfélagsins var greinilegur samhljómur með því sem fram kom í máli allra hópanna. Afurð samráðsvettvangsins, þ.e. þessi skýrsla, athugasemdir sem bárust í gegnum Slido-forritið á fundinum sjálfum og athugasemdir sem bárust inn á Samráðsgátt stjórnvalda verða teknar saman og sendar verkefnahópi sóttvarnalæknis. Sá hópur mun skoða á hvaða hátt sóttvarnaaðgerðir séu líklegar til að snerta ólíka hópa samfélagsins til lengri tíma og greina hverjir muni helst finna fyrir þeim, og e.t.v. hvort eða hvernig sé hægt að taka tillit til þess svo áhrif sóttvarnaaðgerða séu ekki meira íþyngjandi en nauðsynlegt er.

2.1 Sóttvarnaráðstafanir skýrari og fyrirsjáanlegri

Samróma álit var að sóttvarnaráðstafanir þyrftu að vera skýrari, einfaldari og ná til allra. Óskað var eftir skýrum tilmælum, meiri fyrirsjáanleika og stígun sóttvarnaráðstafana, t.d. á eftirfarandi hátt:

1. Grænt stig: Grundvallarsmitgát sem gildir allan tímann meðan Covid-19 faraldurinn stendur yfir.
2. Gult stig: Smitgát aukin og fjöldatakmarkanir hertar (viðmið: Aukning á nýgengi innanlands eða sjúkrahúsinnlagnir).
3. Rautt stig: Tveggja metra regla alls staðar og fjöldatakmarkanir hertar (viðmið: Aukning á nýgengi og innlagnir, sbr. vorið 2020).

Tveggja metra reglan er mjög íþyngjandi fyrir marga hópa, s.s. dagvistun fyrir aldraða og geðfatlaða, margvíslega heimaþjónustu, leikhús, sjálfshjálparhópa o.s.frv. Allir hópar ræddu um að rýmikum eða afnám tveggja metra reglu væri mikilvægt.

Hópurinn um almannaoöryggi lagði til að hver stofnun beri ábyrgð á að rýna sína eigin starfsemi m.t.t. sóttvarna og gera eigin áætlun um hvernig megi halda starfseminni gangandi á tímum Covid-19. Miðstöð sóttvarna eða sóttvarnalæknir væri til ráðgjafar um vafaatriði.

2.2 Rjúfum einangrun

Sóttvarnaráðstafanir hafa verið íþyngjandi fyrir marga í samfélaginu og áhrif þeirra eru í mörgum tilvikum aukinn einmanaleiki, kvíði og einangrun. Birtingarmyndin er ólík eftir hópum, t.d. var dagdvölum fyrir geðfatlaða og aldraða lokað vegna tveggja metra reglu og fjöldatakmarkana, sjálfshjálparhópum eins og AA var lokað og langveikum, öldruðum og fötluðum

var ráðlagt að halda sig heima. Það hefur leitt til einangrunar og minni aðstoðar við þá sem stóðu höllum fæti fyrir Covid-19 faraldurinn.

Mikilvægt er því að finna leiðir til að rjúfa einangrun með öllum tiltækum ráðum, leitast við að halda starfsemi og þjónustu gangandi þrátt fyrir sóttvarnir og nýta tæknina. Þar er tveggja metra reglan íþyngjandi og óskað eftir því að henni verði breytt í eins metra reglu til að hægt sé að veita sem flestum í samfélaginu þjónustu.

Lagt var m.a. til að vinna heimsóknarreglur á hjúkrunarheimilum með íbúum, að nýta rafrænar lausnir fyrir myndsamtöl, samtöl við eldri borgara, einstaklinga í áhættu og einstaklinga með lítið samfélagsnet. Og ekki síður að allir taki sig saman og hugi að náunganum.

2.3 Rafræn stjórnsýsla aukin

Mikilvægt er að auka rafræna stjórnsýslu og rafrænar lausnir í allri þjónustu ríkis og sveitarfélaga, réttarvörslukerfis, fjarheilbrigðisþjónustu, fjarkennslu, í fjarviðtölum og víðar. Lög og reglur þarf að uppfæra til að hægt sé að auka rafræna stjórnsýslu sem bæði styður við sóttvarnaaðgerðir og minnkar kolefnisspor þjóðarinnar.

2.4 Alþjóðasamstarf

Margir þátttakendur komu inn á mikilvægi alþjóðlegs samstarfs. Íslenskt samfélag þarf á aðkomu erlendra sérfræðinga að halda við uppsetningu nýrra tækja og búnaðar, viðgerðir, sértækar aðgerðir í heilbrigðisþjónustu, ráðgjöf, kennslu á nýja tækni, vinnu o.fl. Því er mikilvægt að sníða sóttkví að styttri komum erlendra sérfræðinga og tryggja um leið virkni samfélagsins.

2.5 Fjármagn - sárafatækt

Sóttvarnaaðgerðir hafa hægt á samfélaginu og áhrif þeirra eru ólík eftir atvinnugreinum. Fyrirtæki hafa sum þurft að loka alveg eða tímabundið sem hefur í för með sér aukið atvinnuleysi.

Skapa þarf tækifæri til virkni fyrir alla, tryggja súrefni til atvinnulífsins og horfa til nýrra tækifæra í atvinnulífinu.

Samfara auknu atvinnuleysi dregur úr kaupmætti einstaklinga. Koma þarf í veg fyrir að ójöfnuður aukist við kreppuna sem óhjákvæmilega fylgir Covid-19 faraldrinum. Jaðarsettir hópar eru fyrstir til að finna fyrir samdrætti í hagkerfinu. Brýnt er að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir sárafatækt á þessum tímum.

Vegna minnkandi umsvifa félagasamtaka og fyrirtækja dregur úr styrkjum, t.d. til Íþróttafélaga, sjálfseignarstofnana og sjálfshjálparhópa. Huga þarf að því við skipulag og fjármögnun næstu mánuði og ár.

2.6 Nýsköpun til framtíðar

Nýsköpun í öllum geirum samfélagsins er mikilvæg nú og brýnt að styðja við hana með öllum tiltækum ráðum. Margar tillögur er að finna í gögnum frá fundinum, m.a. um aukna fjarheilbrigðisþjónustu, þróun á kennsluháttum í fjarnámi/rafrænu námi, rafrænar lausnir fyrir myndsamtl til að draga úr einangrun, skiptinám innanlands og „borgarferðir“ innanlands.

2.7 Styðjandi samfélag

Samvinna, samkennd, stuðningur og samráð ættu að vera einkunnarorð okkar Íslendinga á tímum Covid-19 skv. samráðsvettvanginum. Þetta kom einnig fram í Slido-appinu sem fjallað er um hér að neðan.

3. Samráðsvettvangur

3.1 Þátttakendur

Þátttakendur á fundinum voru 45 og komu frá eftirfarandi stofnunum, félagasamtökum, stéttarfélögum, hagsmunasamtökum eða fyrirtækjum (í stafrófsröð):

3.1.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta

- Heilbrigðisstofnun Austurlands (borðstjóri)
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
- Íslensk erfðagreining
- Landspítali
- Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu
- Sjúkratryggingar Íslands

3.1.2 Menning, íþróttir og dægradvöl

- Bandalag íslenskra listamanna
- Félag fagfólks í frítímaþjónustu
- Félag sjálfstætt starfandi tónlistarfólks
- Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
- Leikfélag Akureyrar (borðstjóri)
- Samtök atvinnuveitenda í sviðslistum
- Ungmennafélag Íslands

3.1.3 Menntun

- Háskóli Íslands
- Landsamband íslenskra stúdenta
- Listaháskóli Íslands
- Mennta- og menningarmálamálaráðuneytið (borðstjóri)
- Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- Samband íslenskra framhaldsskólanema
- Skólameistarafélag Íslands
- Tækniskólinn

3.1.4 Atvinnulíf

- Alþýðusamband Íslands
- Bandalag háskólamanna
- BSRB
- Ferðamálastofa
- Félag kvenna í atvinnulífinu
- Háskólinn í Reykjavík (borðstjóri)
- Samtök atvinnulífsins
- Viðskiptaráð Íslands

3.1.5 Almannaöryggi

- Dómsstólasýslan
- Landsnet
- Lögreglustjórinn á Austurlandi (borðstjóri)
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
- Þjóðaröryggisráð

3.1.6 Velferð

- Geðhjálp
- Kvennaathvarfið
- Landsamband eldri borgara
- Landsamtökin Þroskahjálp
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Samtök kvenna af erlendum uppruna
- Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (borðstjóri)
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
- Öryrkjabandalag Íslands

3.2 Dagskrá

Að lifa með veirunni

Samráðsfundur á Hótel Hilton Nordica 20. ágúst kl. 9-13

Fundarstjóri: Bergur Ebbi rithöfundur

Verkefnistjóri: Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir (Landspítala)

8:30 Skráning og morgunkaffi

9:00 Opnun

9:10 Ávarp heilbrigðisráðherra

9:20 Örerindi

Bergur Ebbi Benediktsson

Guðrún Johnsen hagfræðingur - Hagræn áhrif Covid

Henry Alexander Henrysson heimspekingur - Að lifa heimspekilega með veirunni

Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektror HÍ - Velferð og menntun barna og ungmenna á tímum Covid

Una Hildardóttir forseti LUF - Framtíðin og Covid

10:30 Vinnuhópar

Heilsa og heilbrigðisþjónusta

Menning, íþróttir og dægradvöl

Menntun

Atvinnulíf

Almannaöryggi

Velferð

11:50 Samantekt borðstjóra

12:30 Pallborð

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Alma D. Möller landlæknir

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra.

12:50 Lok fundar og næstu skref

3.3 Örerindi

Á samráðsvettvanginum hlýddu fundargestir á fyrirlestra fagfólks og fundarstjóra. Hér að neðan fer samantekt á erindum þeirra.

3.3.1 Bergur Ebbs

Í erindi Bergs Ebbs kom fram að nú væri samfélagið okkar einmitt „að lifa með veirunni“. Í stað þess að samfélagsleg umræða snúist nú um „venjuleg“ mál hafi veiran verið aðalumræðuefnið alls staðar síðustu mánuði.

Í venjulegu árferði vinna samfélög manna eftir ákveðnum hugmyndakerfum og stjórnsmál vinna eftir ákveðnu flokkunarkerfi hugmynda. Þegar atburðir, líkt og heimsfaraldrar, eiga sér stað þurfi að horfa út fyrir flokkunarkerfi hugmyndanna og samstillta viðhorf samfélaga. Í slíku ástandi sé mikilvægt að heyra raddir allra, það þurfi einhvers konar gangverk í samfélaginu.

Þegar samfélög búa við takmarkanir líkar þeim sem settar hafa verið á undanförunum mánuðum er nauðsynlegt að móta skipulag í samfélaginu, en jafnframt að hafa frelsi til að geta fengið ákveðna útrás gagnvart aðgerðunum.

Bergur Ebbs lokaði erindi sínu á því að nefna að íslenskt samfélag hafi sýnt karakter þótt samfélagið hafi farið á hvolf vegna veirunnar. Því þurfi að halda áfram og samráðsfundurinn sé gott tækifæri til þess.

3.3.2 Guðrún Johnsen hagfræðingur – Hagræn áhrif Covid-19

Í erindi Guðrúnar Johnsen kom fram að þegar óvænt áföll, líkt og heimsfaraldur, ríða yfir samfélög hafi það mikil áhrif á framboð og eftirspurn á markaði. Bæði er minna framleitt og eftirspurn minnkar. Sem dæmi má nefna að landsframleiðsla í Bandaríkjunum hefur dregist saman um 30% frá því árið 2019 og á Íslandi hefur hún dregist saman um 8% eða um 240 milljarða á ári.

Ríkissjóðir ríkja heimsins spila meginhlutverk í að koma samfélögum yfir hjallann en ríkissjóðir um allan heim hafa þegar orðið fyrir miklum áhrifum af veirunni. Í erindinu kom einnig fram að skuldastaða Íslands sé ágæt í samanburði við aðrar þjóðir, þótt hún hafi aukist eftir að veiran reið yfir.

Ólíkar sóttvarnaaðgerðir hafa ólík efnahagsleg áhrif á ólíka hópa líkt og ljóst hefur orðið í faraldrinum. Áhrifin á ákveðnar atvinnugreinar hafa verið neikvæð en jákvæð á aðrar. Efnahagsviðbrögð þurfi umfram allt að vera hnitmiðuð og gæta þurfi þess að skapa ekki ofpenslu í einum geira til að bæta upp fyrir slakann í öðrum en slíkt eykur líkur á verðbólgu.

3.3.3 Henry Alexander Henrysson heimspekingur – Að lifa heimspekilega með veirunni

Í erindi Henrys kom fram að það væri sameiginlegt verkefni samfélaga að finna út úr því hvað það merkir að lifa með veirunni. Það liggi fyrir að ekki sé hægt að gefa út leiðbeiningar eða skipa nefnd til þess að skilgreina hver hinn sameiginlegi skilningur skuli vera heldur þurfi samfélagið að finna leið til að tryggja að það „að lifa með veirunni“ verði ekki dauður frasi.

Slíkur skilningur myndist í samfélagsumræðunni og með gagnrýnum spurningum um það hvert við stefnum. Í raun þarf að myndast ákveðið rými til að spyrja spurninga og mikilvægt sé að fá þær fram á sjónarsviðið.

Samfélög geta sætt sig við neyðarúrræði en geta ekki lifað með þeim til lengri tíma litið og því sé mikilvægt að móta næstu skref. Hægt er að byggja þau á ákveðnum gildum. Eitt þeirra er umhyggja sem að mati Henrys hefur átt upp á pallborðið á undanförunum mánuðum.

Mikilvægt sé að valda sem minnstum skaða með ákvörðunum stjórnvalda og ljóst sé að óvissa valdi gríðarlegum skaða. Með samráði, gagnsæi og góðum fyrirvara í ákvarðanatöku megi koma í veg fyrir óþarfa óvissu.

Segja má að samfélagið sé á ákveðnum krossgötum. Annað hvort nýtum við aðstæðurnar til að skapa vettvang fyrir samráð eða ekki. Það er áskorun sem getur annaðhvort eyðilagt eða eftir samfélagsvitund. Viðbrögð næstu daga, vikna og mánaða munu skera úr um það hver niðurstaðan verði í íslensku samfélagi.

3.3.4 Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektor HÍ – Velferð og menntun barna og ungmenna á tímum Covid-19

Í erindi Steinunnar kom fram að heimsfaraldurinn og viðbrögð samfélaga við honum sé þegar farið að hafa áhrif á þroska barna og ungmenna en þessi hópur sé í mestri hættu á að verða fyrir neikvæðum áhrifum af faraldrinum og viðbrögðum við honum. Ýmsan lærdóm er hægt að draga af rannsóknum um hvernig megi draga úr neikvæðum áhrifum fyrir börn og ungmenni. Þar má m.a. nefna að draga úr álagi og minnka streitu fyrir þennan hóp. Það veldur streitu að vera í sóttkví, ef foreldrar eða forráðamenn glíma við fjárhagsvanda, ef einhver nákominn veikist og ef félagsleg tengsl við vini rofna. Önnur leið til að takast á við neikvæð áhrif faraldursins er að tryggja að sambönd við fólk sem það getur treyst og er í samskiptum við rofni ekki. Hér má m.a. nefna tengsl í skólum og tómstundum.

Börn og ungmenni bregðast ekki öll eins við álaginu og því verður að skapa svigrúm til að mæta mismunandi hópum og forgangsraða þeirri þjónustu sem viðkvæmir hópar þurfa á að halda, t.d. þjónustu fyrir börn með fötlun eða geðröskun auk barna sem glíma við námsörðugleika.

Öll viðbrögð sem gripið er til, m.a. viðbrögð heilbrigðiskerfisins og efnahagsleg viðbrögð, hafa áhrif á líf og þroska barna og ungmenna og það ætti því að vera leiðarljós við mótnun allra aðgerða. Vísinda- og fagfólk ætti af þeim sökum að ráða ferðinni þegar kemur að mótnun aðgerða til að styðja við velferð barna og ungmenna.

3.3.5 Una Hildardóttir forseti Landsambands ungmennafélaga – Framtíðin og Covid-19

Í erindinu fagnaði Una auknu samráði stjórnvalda við ungt fólk og fór yfir stöðuna líkt og hún blasir við ungu fólki sem er fjölmennasti aldurshópur samfélagsins en jafnframt afar fjölbreyttur hópur.

Í erindinu kom fram að ungt fólk búi lengur í foreldrahúsum en áður og að húsnæðisverð hækki á milli mánaða. Ungt fólk hafi setið eftir í kaupmáttaraukningu frá aldamótum og að fjárfesting í námi skili sér ekki í framtíðartekjum. Ungmennum sem eru hvorki í námi né starfi hafi fjölgað auk þess sem tíðni andlegra veikinda meðal aldurshópsins hafi aukist. Una fór yfir tillögur LUF að úrbótum á þessum sviðum en þær fela m.a. í sér að tryggja fjölbreyttan húsnæðismarkað, að menntun verði metin til launa, styrkingu iðn- og tæknináms og afgangspavæðingu fíkniefna.

Að lokum kom fram að nauðsynlegt væri að stjórnvöld myndi sér heildstæða stefnu í málafnum ungs fólks þvert á málaflokka á öllum stjórnsýslustigum auk þess að tryggja raunverulega aðkomu ungs fólks að ákvarðanatöku.

3.4 Streymi og Slido-appið

Örerindum, samantekt borðstjóra og pallborðsumræðum var streymt í beinni útsendingu á meðan á fundinum stóð. Streymið var hægt að nálgast á heimasíðu Stjórnarráðsins og á fréttasíðum Vísis, Kjarnans, RÚV og mbl.is. Fundurinn var jafnframt í beinni útsendingu á RÚV 2.

Samkvæmt streymistölum var áhugi almennings á fundinum töluverður, en rúmlega 10.000 manns horfðu á einhverjum tímapunkti á streymið.

Á meðan á fundinum stóð gat almenningur sent inn athugasemdir sínar og spurningar í gegnum appið Slido. Alls tóku rúmlega 250 manns þátt í gegnum appið. Þátttakendur voru beðnir um að svara spurningunni „Geturðu nefnt eitthvert eitt sem þú telur skipta mestu máli fyrir samfélagið á tímum kórónaveirunnar?“ Við spurningunni bárust margvísleg svör sem birtust í stærðarröð eftir vinsældum í svokölluðu orðaskýi sem var birt í streyminu á meðan vinnuhóparnir voru að störfum á fundinum. Þau orð sem komu oftast fyrir voru orðin samstaða, samvinna, samkennd, öryggi, upplýsingamiðlun, umburðarlyndi og sjálfbærni. Sjá mynd hér að neðan.



Mynd 1. Geturðu nefnt eitthvert eitt sem þú telur skipta mestu máli fyrir samfélagið á tímum kórónaveirunnar?

4. Niðurstöður og tillögur vinnuhópa

Vinnuhópamir voru sex líkt og áður segir; 1. Heilsa og heilbrigðisþjónusta, 2. Menning, íþróttir og dægradvöl, 3. Menntun, 4. Atvinnulíf, 5. Almannaöryggi og 6. Velferð. Í hverjum vinnuhópi voru borðstjóri og þátttakendur frá mismunandi aðilum á sínum sviðum. Frá því að samráðsfundurinn fór fram þann 20. ágúst hafa sóttvarnareglur breyst og því hefur verið leyst úr sumum þeirra atriða sem hóparnir ræddu á fundinum.

Eftir rúmlega klukkustundar vinnu kynntu borðstjórar helstu niðurstöður og tillögur hópsins. Áherslur frá hverjum hópi fyrir sig eru hér að neðan:

4.1 Heilsa og heilbrigðisþjónusta

Guðjón Hauksson borðstjóri kynnti niðurstöður vinnuhóps um heilsu og heilbrigðisþjónustu með áherslu á eftirfarandi atriði:

- Tryggja almenna grunnþjónustu því núverandi sóttvarnareglur draga úr afköstum.
- Allt viðbragð við Covid-19 hefur verið kostnaðarsamt sem getur leitt til kröfu um mikla hagræðingu innan heilbrigðisþjónustu í náninni framtíð.
- Viðhalda viðunandi lífsgæðum hjá íbúum hjúkrunarheimila.
- Óbreyttar sóttvarnareglur hafa áhrif á almenna heilbrigðisþjónustu og geta t.d. haft áhrif á aðgengi að þjónustunni.
- Reyna með öruggum hætti að skilja á milli almennrar heilbrigðisþjónustu og viðbragða heilbrigðisþjónustunnar vegna Covid-19.
- Skimun, meðferð og eftirfylgni vegna Covid-19 eru bæði mannaflafrekar og kostnaðarsamar aðgerðir. Taka þarf tillit til þess og tryggja fjármagn til málaflokksins bæði vegna aukins kostnaðar og lægri sértekna.
- Nýsköpun, t.d. efla fjarheilbrigðisþjónustu með markvissum hætti.
- Íbúar hjúkrunarheimila eru sérstaklega viðkvæmir, vanda þarf vel til verka varðandi skerðingu á frelsi íbúa þeirra. Mikilvægt að hafa samráð við íbúa við gerð slíkra leiðbeininga.
- Viðkvæmir hópar samfélagsins líða mest fyrir skerta starfsemi (aldraðir, þeir sem hafa langvinna sjúkdóma o.s.frv.).
- Samráð, samstarf og heiðarleiki í miðlun upplýsinga.

4.2 Menning, íþróttir og dægradvöl

Marta Nordal borðstjóri kynnti niðurstöður vinnuhóps um menningu, íþróttir og dægradvöl:

- Núverandi takmarkanir gera menningarviðburði svo sem tónleika, dans og leiklist nánast ómögulega, bæði hvað varðar áhorfendur og listamennina sjálfa. Einnig hafa reglurnar takmarkandi áhrif á íþróttaviðburði.
- Núverandi fjöldatakmörkun gerir stærri viðburði fjárhagslega ómögulega.
- Sökum útilokunaráhrifa sóttvarnareglna er atvinnuleysi að aukast innan menningargeirans.
- Menningarstofnanir og íþróttastarf hleður upp kostnaði og fá ekki nægar tekjur á móti.
- Sífelldar breytingar á sóttvarnalögum gera aðlögun flókna í menningu og íþróttum sem verður kostnaðarsöm og tímafrek.

Hópurinn fjallaði einnig um hvaða tilslakanir kæmu að mestu gagni. Efst á blaði hjá hópnum var að gripið hefur verið til öflugra sóttvarnaaðgerða og virkni kemur fljótt í ljós. Því mætti fara að skoða að slaka á kröfunum á eftirfarandi hátt:

- Afnema tveggja metra regluna fyrir viðburði, hugsanlega í þrepum, fyrst niður í einn meter og síðan afnema nándartakmörk alveg.
- Afnema nándartakmörkun fyrir listamenn svo þeir geti æft líkt og íþróttamenn.
- Auka í þrepum fjölda þeirra sem koma saman svo hægt verði að halda stærri tónleika, leiksýningar og íþróttaviðburði.

Þá lagði hópurinn fram tillögur að nýjum lausnum sem styðja við sóttvarnaaðgerðir til lengri tíma:

- Koma þarf upp sjálfstæðum launasjóði fyrir sviðslistafólk og aðra sem falla utan við hefðbundin úrræði vinnumarkaðarins.
- Skoða breytingar á leikhúsum og viðburðarsölum, fækka sætum o.s.frv. til að mæta breyttum aðstæðum.
- Setja á fót samráðsnefnd listamanna og hönnuða sem skilar af sér hugmyndum um hvernig við getum skapað umhverfi og list sem tekur tillit til nýrra tíma.
- Skoða nýja miðlun á listinni t.d. í samstarfi við RÚV.

4.3 Menntun

Steinunn Halldórsdóttir borðstjóri kynnti niðurstöður vinnuhóps um menntun. Áherslur hópsins voru skapandi lausnir – rými – samtal – stöðugleiki.

- Að nota rými fyrir skólastarf sem stendur nú ónýtt (hótel, laust ríkisrými).
- Að forgangsraða sóttvörnum í þágu menntunar án þess að minnka gæðin með sértækum lausnum.
- Að endurskoða skólastarf út frá nemendum en ekki kennurum.
- Milliliðalaust samtal við sóttvarnayfirvöld um sóttvarnarhólf í skólum.

- Samtal við nemendur, þeir kunna oft betur á tæknina en kennarinn.
- Stöðugleiki í reglum og aðgerðum.
- Nota tímann og tækifærin. Fá að sleppa ýmsum skyldum skólanna á meðan.
- Að læra af öðrum innanlands – skiptinám innanlands.
- Ekki sömu kröfur um afkastagetu í námi.

4.4 Atvinnulíf

Ari Kristinn Jónsson borðstjóri kynnti niðurstöður vinnuhóps um atvinnulíf. Helstu atriði í kynningu hópsins:

Núverandi áskoranir

- Aukinn kostnaður.
- Starfsemi takmörkuð eða lokuð.
- Lífskjör – verðmætasköpun – hvernig má milda höggið.
- Lokun á ferðaþjónustu – hefur meiri áhrif en á önnur lönd.
- Biðstaða atvinnulífs – hefur skaðleg áhrif og gerir allt erfiðara.
- Óvissa um lengd Covid-19 faraldurs hefur áhrif.
- Framlínufólk er að smitast og framtíðaráhrif óljós.
- Aðrir eru í ólíkum aðstæðum: Fjarvinna, heima vegna barna, sjálfskipuð sóttkví.
- Þarf að passa vel upp á ólíka hópa.
- Fjöldaatvinnuleysi og fátækt, iðjuleysi o.fl. sem því fylgir.
- Ógnir við réttindi fólks á vinnumarkaði.
- Samhengi sóttvarna, réttinda og áhrifa á efnahag.
- Félagsleg samskipti í samfélaginu.
- Menningarlíf og tengdar greinar.

Lengri tíma áskoranir

- Enginn skilinn eftir – halda jafnvægi í samfélaginu.
- Tryggja að ekki verði aukinn ójöfnuður – þ.m.t. kynbundinn ójöfnuður.
- Tryggja getu fólks til að lifa og neyta.
- Langtímaaðgerðir hafa veruleg áhrif á fyrirtæki og starfsfólk.
- Líkur á miklu atvinnuleysi til lengri tíma.
- Einangrun einstaklinga og hópa.

Hópar

- Ferðaþjónusta er í sérstöðu.
- Fjöldmörg önnur fyrirtæki sem verða fyrir áhrifum.

- Þeir sem eru útsettir fyrir smiti (framlína).
- Viðkvæmir hópar – erlent vinnuafl o.fl.
- Þeir sem verða fyrir staðbundnu atvinnuleysi.

Tilslakanir

- Almennar reglur
 - Skýrar reglur til lengri tíma – ekki flókt eftir stöðu smita.
 - Reglur séu skýrar svo fólk gangi ekki lengra en þarf.
 - Fara úr gírnum að vera á „vertíð“ að bregðast við – langtíma.
 - Gæta þarf að betri samræðu, t.d. varðandi lokanir.
 - Rökstyðja þarf vel ákvarðanir sem eru teknar og hafa víðtæk áhrif á atvinnulífið.
 - Betri miðlun upplýsinga til allra, þ.m.t. erlendra aðila.
 - Hafa eina reglu – til dæmis eins metra takmörk á vinnustöðum.
 - Finna lausnir fyrir menningu og afþreyingu.
 - Finna nýjar lausnir á landamærum.
 - Finna lausnir fyrir menntun og umhverfi ungmenna.

Mótvægi

- Tryggja alla
 - Atvinnuleysisbætur – hækkun og lenging.
 - Skapa tækifæri til virkni fyrir alla.
 - Koma í veg fyrir jaðarsetningu.
- Örva efnahag
 - Tryggja súrefni og að fyrirtæki lifi.
 - Finna leiðir fyrir sem flesta til að geta unnið og skapað verðmæti.
 - Búa til hvata og gera auðveldara að skapa ný störf eða ráða fólk af atvinnuleysisráðgjafi, t.d. með afslætti á kostnaði við launagreiðslur.
 - Tækifæri til að fá erlend störf til landsins.
- Skapa framtíð
 - Samræða sem skapar vettvang fyrir framtíðarsýn.
 - Skapa tækifæri til að fjárfesta og byggja upp – rekstrarskilyrði séu góð.
 - Skapa ný störf.
 - Nýta tækifæri til að skapa nýjar atvinnugreinar - aukin fjölbreytni.
 - Horfa til nýrra tækifæra í atvinnulífi – auka fjölbreytni.

Framtíðin

- Hoppa inn í framtíðina – nýsköpun, heimsmarkmið o.s.frv.
- Tækifæri til að gera mun betur, til dæmis í ferðaþjónustu og nýta tækni.

4.5 Almannaöryggi

Margrét María Sigurðardóttir borðstjóri kynnti helstu niðurstöður hópsins um almannaöryggi:

- Endurskoða löggjöf með tilliti til þess að mögulegt sé að nýta rafrænar lausnir í stjórnsýslu ríkis, sveitarfélaga og réttarvörslukerfisins.
- Hver stofnun beri ábyrgð á að rýna sína eigin starfsemi og gera sína áætlun um hvernig megi halda starfseminni gangandi á Covid-19 tímum.
- Tryggja áframhaldandi uppbyggingu og starfsemi grunnstoðanna þannig að þær geti sinnt sínu lögbundna hlutverki, t.d. þarf að tryggja netöryggi.
- Skýrar og einfaldar leiðbeiningar til almennings með meðalhóf í huga og auka þannig traust.
- Hópurinn ræddi einnig um þörf fyrir að rýmka tveggja metra reglu til að auðvelda starfsmönnum að athafna sig í daglegu starfi og nauðsynlegar framkvæmdir til að tryggja rafmagnsöryggi og netöryggi með aðkomu erlendra sérfræðinga.

4.6 Velferð

Hilda Jana Gísladóttir, borðstjóri, kynnti niðurstöður vinnuhóps um velferð. i. Helstu áherslur velferðarhópsins eru:

- Eins metra regla með eða án grímuskyldu, þá sérstaklega í þjónustu við viðkvæma hópa og þá sem hætta er á að séu jaðarsettir.
- Samfélagsleg sátt um að forgangsraða þjónustu fyrir viðkvæma hópa. Fjölbreyttir hópar og einstaklingar með ólíkar þarfir. Nauðsynlegt að sýna sveigjanleika og sumri þjónustu er óásættanlegt að loka.
- Sóttvarnarhúsið sé fyrir alla – líka fatlaða.
- Mikilvægt að koma í veg fyrir misvísandi upplýsingar og tryggja upplýsingagjöf til fjölbreyttra hópa, á fleiri tungumálum, á einföldu máli og á sama tíma. Sérstaklega fyrir þá sem ekki geta nýtt sér tæknina til að fá upplýsingar og/eða þjónustu. Tilvalið tækifæri til að auka íslenskukennslu.
- Litakóðað ástand sem getur verið ólíkt milli svæða eftir stöðu smita. Grænt, gult og rautt. Margir sem beðnir eru um leiðbeiningar miðað við tiltekið ástand.
- Fjármál sveitarfélaga og Jöfnunarsjóður. Samfélagsleg sátt um hvernig brugðist verði við minni tekjum og auknum útgjöldum á krepputíma. Nú gæti verið tækifærið til að brúa bilið milli ríkis og sveitarfélaga þannig að kerfin virki sem liðsfélagar en ekki andstæðingar. Rætt um að setja á sáttasemjara milli ríkis og sveitarfélaga.
- Mikilvægt að draga ekki úr þjónustu í velferðarmálum við viðkvæma hópa í skjóli Covid-19.

- Tækifæri til nýsköpunar í velferðarþjónustu. Stafræn stjórnsýsla, umbótaverkefni og velferðartækni.
- Styðjandi samfélag: Við þurfum öll að styðja hvert annað, skilja þarfir ólíkra hópa og einstaklinga og auka skilning á því hvað við getum gert til þess. Geðheilsa, einmanaleiki, kvíði, ótti, depurð. Efla starfsfólk í að veita fjölbreyttum hópum þjónustu, ekki síst fólki af erlendum uppruna. Samkennd, stuðningur, skilningur og samráð.
- Koma í veg fyrir að Covid-19 auki ójöfnuð í samfélaginu og að staða þeirra sem tilheyra jaðarhópum eða viðkvæmum hópum versni. Vinna gegn sárafátækt: Hækka örorkulífeyri sem er talsvert undir lágmarkslaunum og atvinnuleysisbótum. Horfa til mögulegra verðlækkana til þeirra sem minnst mega sín, t.d. á andlitsgrímum, heimsendum mat frá sveitarfélögum o.s.frv.
- Styðja starfsemi félagasamtaka sem grípa ýmsa hópa, eins og óvirka alkóhólista og geðfatlaða. Það eru mörg samtök sem gegna mikilvægu hlutverki en fjárþörfin er mikil ekki síst þegar ýmsar fjáraflanir eru erfiðar eða hafa fallið niður.
- Taka upp orsakamiðaða nálgun fremur en einkennamiðaða nálgun, ekki síst í geðheilbrigðismálum. Stimpillinn eða greiningin er ekki lausn.
- Covid-19 dregur fram veikleika kerfisins, nú er tækifærið til að stokka það upp – hvernig ætlum við að nýta það til að skapa betra samfélag.
- Huga vel að ólíkum þáttum við ákvarðanatöku; byggðamálum, kynjamálum, málefnum fatlaðra, innflytjenda, eldri borgara, barna og ungmenna og fólks með geðraskanir.

